

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/589
komudagur 9.12.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9.12.2009

Efni: Tillaga um breytingu á lögum um tekjuskatt með fækkun atvinnulausra að markmiði

Samtök atvinnulífsins gera svohljóðandi tillögu um breytingu á lögum nr. 90/2003 tekjuskatt.

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Maður sem ber fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og aflar tekna vegna vinnu erlendis samfellt í sex mánuði eða lengri tíma á rétt á því að heildartekjuskattur hans sé lækkaður um þá skattfjárhæð sem reiknast af hinum erlendu tekjum. Maður telst vinna erlendis samfellt í sex mánuði svo fremi að hann dvelji ekki hér á landi meira en 6 daga í hverjum mánuði allan ráðningartímann eða samtals lengur 36 daga miðað við hálf ár, 72 daga miðað við heilt ár o. s. frv. Dvelji maður erlendis við störf lengur en í tólf mánuði heldur hann rétti sínum til lækkunar á tekjuskatti af hinum erlendum tekjum jafnvel þótt launin sæti ekki skattlagningu í vinnulandinu ef skattundanhágan byggist á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum í vinnulandinu. Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga er fara erlendis til starfa á vegum launagreiðenda sinna eiga ekki rétt á lækkun tekjuskatts samkvæmt þessari grein. Sama gildir um þá sem starfa um borð í íslenskum skipum og loftförum.

Rök fyrir breytingartillögunni

Fyrir rúmu ári síðan varð íslenskt atvinnulíf fyrir miklum skakkaföllum þegar viðskiptabankarnir urðu gjaldþrota. Í framhaldinu varð mikill samdráttur varð í íbúðabyggingum og verklegum framkvæmdum. Fyrir hrun bankanna störfuðum um 14 þúsund manns í byggingariðnaði og mannvirkjagerð en þeim hefur fækkað um a.m.k. helming síðan og fækkar enn. Þessar aðstæður hafa orðið til þess að stærri verktakafyrirtæki landsins leita nú verkefna erlendis, m.a. í fjarlægum heimsálfum.

Fái fyrirtækin verkefni á þeim mörkuðum munu íslenskir starfsmenn keppa við erlent vinnuafli sem oft hefur mun lægri laun en greidd eru hér á landi. Við slíkar aðstæður er næsta víst að fyrirtækin muni frekar ráða innlenda menn en Íslendinga til starfa.


Atvinnuleysi hér á landi er nú meira en áður hefur þekkt og fer vaxandi. Lönd sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi hafa mörg hver smíðað kerfi sem styrkir samkeppnisstöðu innlends vinnuafis gagnvart erlendu við þær aðstæður sem hér eru gerðar að umtalsefni. Felst það í því að löndin bjóða þeim sem fara til vinnu erlendis í tiltekinn lágmarkstíma sérstakan skattaafslátt.

Samkvæmt honum eru hin erlendu laun undanþegin tekjuskatti að fullnægðum ákveðnum skilyrðum um lengd vinnu í hinu erlenda ríki og dvöl hér á landi. Norðurlöndin eru meðal þeirra ríkja sem þetta hafa gert og því er eðlilegt að spurt sé hvers vegna slík ákvæði hafa ekki verið tekin upp á Íslandi. Yrði svona skattlagning tekin upp hér á landi væri tvímælalaust auðveldara fyrir þau íslensku fyrirtæki sem taka að sér framkvæmdir erlendis að hafa með sér Íslendinga að heiman. Með því móti yrði stuðlað að fækkun byggingamanna á atvinnuleysiskrá.

Samtök atvinnulífsins leggja því til við Efnahags- og skattnefnd Alþingis að hún beiti sér fyrir því að sambærileg ákvæði um skattaívilnun fyrir menn sem starfa að verkefnum erlendis í sex mánuði eða lengur og gilda á hinum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt,

Samtök atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri